

Nr. 12/1900:

Halldór Bjarnarson

gegn

Sigurlaugu Bemjáinsdóttur,

Ingimundi Sigurðssyni,

Hólmfriði Sigurðardóttur og

Halldóri Sigurðssyni.

## D ó m u r :

Mál þetta höfðu hin stefnu í héraði gegn áfrýjandanum Halldóri prófasti Bjarnarsyni á Presthólum samkvæmt 225. gr. alm. hegningarlaga fyrir meiðyrði um mann og föður þeirra látinn, Sigurð sál. Rafnsson á Snartarstöðum, og var málið dæmt í aukarétti Þingeyjarsýslu 12. ágúst f. á. þannig, að áfrýjandinn samkvæmt 219. sbr. 225. gr. alm. hegningarlaga var dæmdur í 40 kr. sekt til landssjóðs eða til vara 12 daga einfalt fangelsi og hin átöldu ummæli dæmd dauð og ómerk. Þá var og áfrýjandinn sektaður um 10 kr. til landsjóðs fyrir óþarfa málsýfingu og dæmdur til að greiða stefnda 20 kr. í málskostnað.

Þessum dómi hefir áfrýjandinn skotið til yfir dómsins með stefnu, dags. 20. febr. þ. á., og hefir hann krafist þess, að dómurinn verði dæmdur ómerkur og undirdómarinn sektaður, og skyldaður til að greiða allan af áfrýjun málsins leiðandi kostnað, annaðhvort einn eða í sambandi við hina stefndu málsaðila, en til vara, að áfrýjandinn verði sýkn dæmdur af kærnum og kröfum stefndu og sektin fyrir óþarfa þrætu feld úr gildi, og hvernig sem málið fer, að hin stefndu, þar á með-

al undirdómarinn, verði in solidum dæmd í málskostnað. Hin stefndu hafa aftur á móti krafist þess, að héraðsdómurinn verði staðfestur og áfrýjandinn dæmdur til að greiða stefndu í málskostnað einhverja upphæð, sem réttinum virðist hæfileg. Af hálfu undirdómarans, sem stefnt hefir verið til ábyrgðar, hefir enginn mætt fyrir yfirdóminum.

Ómerkingarkröfu sína byggir áfrýjandinn á því, að í stefnunni til héraðsréttarins er sakarefnið talið ærumeiðandi orð um Sigurð sál. Rafnsson í framhaldsvarnarskjali í máli réttvísinnar gegn honum (áfrýjanda), dags. 28. okt. f. á. — en það verður eftir dagsetning sefnunnar: 28. okt. 1898 — en í sáttakærunni er kært yfir meiðyrðum í framhaldsvarnarskjali í máli réttvísinnar gegn áfrýjanda, dags. 28. okt. 1896. Álitur áfrýjandinn því, að málsefnið hafi aldrei verið lagt til sátta og hafi því borið að vísa málinu frá undirréttnum. Þessi röksemdafærsla áfrýjanda er þó ekki rétt. Málið og dómurinn, sem áfrýjað er, hljóðar einmitt um meiðyrði í framhaldsvarnarskjali 28. okt. 1896, sem lögð voru til sátta í málinu á löglegan hátt, þótt áfrýjandi mætti eigi á sáttafundinum, þegar til kom. Það getur því eigi verið að ræða um ómerking málsins fyrir þá sök, að eigi hafi verið leitað sætta um sakarefnið. Hitt er annað mál, að í héraðsstefnunni er skjalið, sem hin átöldu meiðyrði eru í, talið dagsett, eins og fyrr er sagt, 26. okt. f. á. (þ. e. 1898), í stað þess að meiðyrðin, sem dómurinn og málið hljóða um, standa í skjali

dags. 26. okt. 1896, en það er hvorttveggja, að þetta er ritvilla í stefnunni, sem fyrir engum gat dulist, eins og á stóð, sérstaklega vegna þess, hvernig sakarefnið er að öðru leyti einkent í stefnunni, enda hefir og áfrýjandinn eigi krafist ómerkingar á málinu af þeirri sök, að honum hafi eigi verið löglega stefnt til héraðsréttarinnns.

Ummæli þau, sem átalín eru í málinu, ritaði áfrýjandinn í varnarskjali fyrir rétti 26. okt. 1896 í sakamáli, er þá hafði höfðað verið gegn honum af réttvísinnar hálfu, en Sigurður sál. Rafnsson, sem átt var við með ummælunum, var þá látinn fyrir nokkurum árum, og höfðaði ekkja hans og börn, hin stefndu, mál gegn áfrýjanda út af orðunum, fyrst 26. okt. 1897, en það mál ónýttist, og síðan aftur þetta mál, sem nú er áfrýjað. Hin á-töldu ummæli eru þessi: »Þó Sigurður . . . héldi áfram að reyna að villa fólki sjónir« (um ágreining okkar) . . . »Hundarnir krafsa yfir skít sinn, hví skyldi þá Sigurður ekki gjöra það« . . . »Lét hann eiginhagsmuni æfinlega hefta illgirnina, þegar svo bar undir«.

Þessi ummæli verða að teljast meiðandi og óvirðandi fyrir hinn látna mann, sem þau voru höfð um, og þar sem þau eigi eru réttlætt af áfrýjanda, eru þau, eins og undirdómarinn hefir gjört, réttilega heimfærð undir 219. gr. alm. hegningarlaga, og ber því að dæma þau dauð og ómerk samkvæmt 220. gr. sömu laga. Aftur á móti verður áfrýjandi, sakir ákvæða 67. gr. hegningarlaganna, eigi látinn sæta refsingu fyri um-

mælin, þar sem liðin voru meir en 2 ár frá því að meiðyrðin voru við höfð og þangað til mál þetta var höfðað af nýju, en það var með sáttakæru 25. marz f. á. Með því að áfrýjandinn kom eigi til sáttafundar í málinu, þótt hann væri löglega til kallaður, er hann með aukaréttardóm-inum réttilega dæmdur í sekt samkvæmt tilskipun 11. ágúst 1819 og í málskostnað í héraði, og ber því að staðfesta ákvæði hins áfrýjanda dóms að þessu leyti. Það er ekki ástæða til, eftir kröfu áfrýjanda, að gjöra undirdómaranum neina ábyrgð fyrir málsmeðferð hans eða dóm í málinu. Málskostnaður fyrir yfirdómi þykir rétt að falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Framantilgreind meiðandi og óvirðandi ummæli eiga dauð og ómerk að vera. Ákvæði aukaréttardómsins um sekt fyrir óþarfa málsýfingu og um málskostnað eiga að vera óröskuð. Málskostnaður fyrir yfirdómi fellur niður.

Nr. 22/1900:

Isak Bjarnason  
gegn  
Franz Siemsen.

Dómur:

Í sumar er leið var áfrýjandi máls þessa, Ísak Bjarnason, ráðinn háseti á fiskigufuskipið »Utopia«, sem gjört var út frá Hafnarfirði, og fór